

Nr. 18.
26. okt.

Auglýsing

um

um samning milli Danmerkur og Rússlands um mælingar skipa.

Samkvæmt auglýsing frá stjórnarráði utanríkismálanna 6. júní 1896 hefir 14. maí s. á. gjörður verið í St. Pjetursborg á frönsku svofelldur

samningur.

Sökum breytinga þeirra, er gjörðar voru í Danmörku þann 10. marz 1895 á aðferðinni við mælingu verzlunarskipa, lýsa undirritaðir, er stjórnir þeirra hafa veitt þeim til þess tilhlýðilegt umboð, yfir því, að samningur sá, er gjörður var þann ²⁸/₁₆. ágúst 1883, skal úr gildi numinn, en í hans stað koma nýr samningur, sá er hjer greinir:

1. grein.

Heimilt er dönskum skipum, er mæld eru samkvæmt mælingaraðferð Moorsoms, að fara inn á hafnir í keisaradæminu Rússlandi, og rússneskum skipum, er mæld eru samkvæmt greindri aðferð, að fara inn á danskar hafnir, og þarf eigi skipagjaldanna vegna að fara fram nein ný mæling á þeim. Til rússneskra skipa teljast skip frá stórhertogadæminu Finnlandi.

Upphæð skipagjaldanna fer eptir nettó-smálestatali skipanna.

2. grein.

Reglur þær, er fyrir skipaðar eru í finnsku skipamælingarákvæðunum, eru eigi í fullu samræmi við reglur þær, er dönskum lögum samkvæmt skal gætt, er ákveða skal stærð skipsrúma þeirra, er greind eru í viðaukareglugjörðinni frá 10. marz 1895 við skipamælingareglugjörðina dönsku frá 7. september 1867, þátt H. og þátt F, staflíð g, og skal því þegar finnsk skip koma til danskra hafna fara eptir dönsku reglugjörðinni, er draga skal skipsrúm þessi frá, en tölur þær, er greindar eru í mælingarskírteinunum, skulu lagðar til grundvallar fyrir útreikningnum án þess að skipið sje mælt af nýju. Skipsrúm þau, er ræðir um, eru: vistarverur kípstjóra og háseta, leiðarmálsrúm, og vatnskjölfestuhólf (water ballast) í skipum þeim, er tvöfaldan botn hafa.

Þá er dönsk skip koma til finnskra hafna, skal áðurgreindur frádráttur gjörður samkvæmt finnsku reglugjörðinni, en tölur þær, sem greindar eru í mælingarskírteinunum, skulu lagðar til grundvallar fyrir útreikningnum án þess að skipið sje mælt af nýju.

Nr. 18. Augl. 26. okt. um samning milli Danmerkur og Rússlands um mælingar skipa.

Bekendtgørelse

Nr. 18.
26de
Oktbr.

angaaende

en mellem Danmark og Rusland affluttet Deklaration om Skibes Maaling.

Ifølge Bekendtgørelse fra Udenrigsministeriet af 6te Juni 1896 er der under 14de Maj s. A. i St. Petersborg i det franske Sprog bleven udsærdiget følgende

Deklaration.

Som Følge af de i Danmark den 10de Marts 1895 foretagne Ændringer i Systemet for Maalingen af Handelsffibe have de undertegnede, behørigt befuldmægtigede dertil af deres Regeringer, vedtaget, at den under ²⁸/₁₆ August 1883 udbefælede Deklaration skal ophøre at gælde og erstattes af en ny Deklaration saa lydende:

Artikel 1.

Danske Skibe, maalte efter den Moorsjomske Metode, skulle modtages i Kejserdømmet Ruslands Havne, og russiske Skibe (derunder indbefattet Skibe fra Storhertugdømmet Finland), maalte efter samme System, skulle modtages i danske Havne, uden at underkastes nogen som helst ny Maaling af Hensyn til Erlæggelsen af Skibsfartsafgifter. Disse Afgifter beregnes af Netto-Tonnagen.

Artikel 2.

Da Reglerne i de finske Skibsmaalingsbestemmelser ikke ganske stemme med de danske Regler om Fremgangsmaaden ved Beregningen af de i Tillægsinstruktionen af 10de Marts 1895 til den danske Skibsmaalings-Instruktion af 7de September 1867 Afsnit H og Afsnit F Bogstav g ommeldte Rum, nemlig Skipperens og Mandstabetz Opholdsrum, Bestiklufafet og Rum til Vandballast (water ballast) i Skibe med dobbelt Bund, skulle Afdragene herfor beregnes for finske Skibe i dansk Havn efter den danske Instruktion, men paa Grundlag af de i Maalings-Certifikaterne opgivne Tal uden nogen Ommaaling af Skibet.

For danske Skibe i finske Havne blive nyssnævnte Fradrag at beregne efter det finske Reglement paa Grundlag af de i Maalings-Certifikaterne angivne Tal uden nogen Ommaaling af Skibet.

Nr. 18. Bef. 26de Oktbr. ang. en mellem Danmark og Rusland affluttet Deklaration om Skibes Maaling.

Nr. 18.
26. okt.

3. grein.

Reglur þær, sem fyrirskipaðar eru í rússnesku reglugjörðinni, eru eigi í fullu samræmi við reglur þær, er dönskum lögum samkvæmt skal gætt, er ákveða skal stærðski þrúms þess, er ætlað er hásetunum, og þegar um gufuskip er að ræða, stærð gangvjararúms og kola, og skal því, er dönsk skip koma til rússneskra hafna og draga skal áðurgreind skipsrúm frá, farið eptir ákvæðum rússnesku reglugjörðarinnar frá ^{20. desember 1879}_{1. janúar 1880}, en tölur þær, er greindar eru í mælingaskírteinunum, skulu lagðar til grundvallar fyrir útreikningnum án þess að skipið sje mælt af nýju.

Þegar skipstjóri æskir þess, skal sömu reglu gætt, er rússnesk skip koma til danskra hafna, og skal þá fara eptir ákvæðum dönsku reglugjörðarinnar.

4. grein.

Samningur þessi öðlast gildi ¹/₁₃ júlí 1896.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir undirritað samning þenna og sett innsigli sín á hann.

Samið í St. Pjetursborg í tveim frumritum ¹⁴/₂ maí 1896.

P. Løvenørn.

(L. S.)

Lobanow.

(L. S.)

Þetta gjörist hjer með almenningi kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 26. október 1898.

Rump.

Ólafur Halldórsson.

Artikel 3.

Nr. 18.
25de
Oktbr.

Da Reglerne i det russiske Reglement ikke ganske stemme med de danske Regler om Fremgangsmaaden ved Beregningen af de for Mandstabet bestemte Rum og af Mastlin- og Kulrum i Dampskibe, skulle Afdragene herfor beregnes for danske Skibe i russisk Havn paa Grundlag af de i Maalings-Certifikaterne angivne Tal, efter det russiske Reglement af ^{20de December 1879}_{1ste Januar 1880}, uden at nogen Omnaaling foretages.

Den samme Regel skal anvendes paa russiske Skibe i danske Havne, naar Skipperne udtale Dnsket derom, og i saa Fald blive Bestemmelserne i den danske Instruktion at følge.

Artikel 4.

Denne Deklaration træder i Kraft den ¹/₁₃ Juli 1896.

Til Bekræftelse heraf have de undertegnede underskrevet nærværende Deklaration og have paatrykt den deres Segl.

Udfærdiget i to Eksemplarer i St. Petersborg den ¹⁴/₂ Maj 1896.

B. Løvenørn.
(L. S.)

Lobanow.
(L. S.)

Hvilket herved bringes til offentlig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 26de Oktober 1898.

Rump.

Ólafur Halldórsson.